

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits).

Frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

1. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 3. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

II. KAFLI

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

2. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndir“ í 3. mgr. 4. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 11. gr. laganna:

- Í stað orðanna „Heilbrigðisfulltrúar, samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, dýralæknar“ í 1. másl. kemur: Dýralæknar.
- Orðin „viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 2. másl. falla brott.
- Í stað orðanna „gefa heilbrigðisnefndum“ í 3. másl. kemur: eftir atvikum gefa Matvæla- stofnun og Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Orðin „heilbrigðisfulltrúa, heilbrigðisnefnda“ í fyrirsögn á undan 11. gr. falla brott.

III. KAFLI

Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

1. mgr. fellur brott.
10. mgr. orðast svo:
Faggilding í skilningi laga þessara hefur sömu merkingu og í lögum um faggildingun o.fl., nr. 24/2006.
- Í stað tilvísunarinnar „I–IV“ í 17. mgr. kemur: laganna.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: eftirlit með atvinnurekstri og annarri starfsemi eða athöfnum sem falla undir þessa grein, útgáfu og efni starfsleyfa, sbr. 7. gr., svo sem nánari tilgreiningu á hvaða starfsemi um er að ræða, og skráningarskyldu, sbr. 8. gr..
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 2. tölul. kemur: sveitarfélaga og Umhverfis- og orkustofnunar.
- c. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnda“ í 5. tölul. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „þar á meðal ákvæði um“ í 1. tölul. kemur: hvaða starfsemi um er að ræða.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnda“ í 18. tölul. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- c. Í stað orðanna „útgefandi starfsleyfis“ í 19. tölul. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

8. gr.

1. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I og II, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfis- og orkustofnun gefur út, sbr. þó 7. gr. a og 8. gr.

9. gr.

- a. Í stað orðanna „Útgefanda starfsleyfis“ í 2. og 4. mgr. 6. gr., 3. og 5. mgr. 7. gr., 3. mgr. 7. gr. a, d-lið 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr. og 29. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðanna „útgefandi starfsleyfis“ í 3. mgr. 6. gr., 3., 4., 5. og 6. mgr. 7. gr., 4. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr. og tvívegis í 1. mgr. 28. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Umhverfis- og orkustofnun gefur út starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.
- b. Í stað orðsins „leyfisveitanda“ í 3. másl. 4. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 6. gr. eiga aðeins við um atvinnurekstur skv. a- og b-lið viðauka II, falli starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

11. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og“ í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. a laganna kemur: stofnana eða.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað viðaukatölunnar „IV“ í 1. og 2. mgr. kemur: II.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Falli starfsemi undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er þó skylt að gefa út starfsleyfi.

- c. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi eftirlitsaðili“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

13. gr.

- a. Í stað viðaukatölunnar „II“ í 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. 16. gr. og 2. másl. 4. mgr. 54. gr. laganna kemur: a-lið viðauka II.
- b. Í stað orðanna „viðauka I–II“ í 1. mgr. 38. gr. laganna kemur: viðauka I og a-lið viðauka II.
- c. Í stað viðaukatölunnar „IV“ í 4. mgr. 9. gr., kemur: II.
- d. Í stað viðaukatalnanna „I–IV“ í 1. mgr. 34. gr., 1. og 2. mgr. 36. gr., 1. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 1., 3. og 4. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 55. gr. laganna kemur: I og II.

14. gr.

Í stað orðsins „eftirlitsaðila“ í lokamálslið 4. mgr. 21. gr., 2. mgr. 40. gr., tvívegis í 2. mgr. 54. gr., 4. mgr. 54. gr., tvívegis í 5. mgr. 54. gr., tvívegis í 54. gr. a, 1. mgr. 55. gr. og fyrirsögn 62. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

15. gr.

Í stað orðsins „leyfisveitanda“ í og 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulu Umhverfis- og orkustofnun, sbr. 51. gr., og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, sbr. 47. gr.“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: skal Umhverfis- og orkustofnun.
- b. 2. másl. 3. mgr. orðast svo: Sveitarfélögum er heimilt að setja upp og reka mælistöðvar vegna hugsanlegs álags vegna umferðar eða starfsemi.
- c. 2. másl. 4. mgr. fellur brott.
- d. Orðin „í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga“ í 2. másl. 6. mgr. falla brott.
- a. 1.–3. másl. 7. mgr. orðast svo: Umhverfis- og orkustofnun skal gefa út staðbundnar áætlanir um loftgæði þar sem m.a. koma fram tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun til að bæta loftgæði. Þá skal stofnunin, eftir því sem við á í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi loftgæði á einstökum svæðum. Umhverfis- og orkustofnun skal gefa út tilkynningar til almennings um loftgæði eftir því sem við á.
- e. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 4. másl. 7. mgr. kemur: sveitarfélag í samráði við Umhverfis- og orkustofnun.
- f. Lokamálsliður 7. mgr. fellur brott.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

- a. Orðin „heilbrigðisnefndar eða“ í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. mgr. fellur brott.

18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Álit Umhverfis- og orkustofnunar.*

19. gr.

Við 43. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd þeirra verkefna sem þeim eru falin í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sveitarstjórnir skulu gera með sér samkomulag um tilhögun samstarfsins, þar á meðal um stjórn, rekstur og kostnaðarskiptingu. Um samvinnu sveitarfélaga fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Heimilt er að fela byggðasamlagi eða öðru sveitarfélagi framkvæmd eftirlits og stjórnvaldsaðgerða samkvæmt lögum þessum.

20. gr.

44., 45., 46., 47., 48. og 49. gr. laganna falla brott.

21. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga“ í 2. mgr. 50. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

22. gr.

Fyrirsögn XII. kafla laganna verður: **Stjórn og skipan.**

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „yfirumsjón“ í 2. mgr. kemur: umsjón.
- b. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
- c. 4. mgr. orðast svo:

Stofnunin fer því aðeins með beint eftirlit að lög mæli svo fyrir eða ráðherra ákveði það með reglugerð. 2. og 3. másl. 4. mgr. falla brott.

- d. Greinin ásamt fyrirsögn flyst í XII. kafla.

24. gr.

52. gr. laganna fellur brott.

25. gr.

53. gr. laganna ásamt fyrirsögn flyst í XII. kafla.

26. gr.

Fyrirsögn og númer XIII. kafla laganna falla brott.

27. gr.

2. másl. 2. mgr. 55. gr. laganna fellur brott.

28. gr.

56. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að starfsemi heilbrigðiseftirlits skuli hljóta faggildingu og þá hvernig að henni skuli staðið.

29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 58. gr. laganna:

- a. Orðin „Heilbrigðisnefndum og“ í 1. másl. falla brott.
- b. Við 1. og 2. másl. bætist: eða Matvælastofnun.
- c. Orðin „heilbrigðisnefndar eða“ og „eftir því sem við á“ í 3. másl. falla brott.

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 59. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Sveitarstjórn semur drög að samþykktum og breytingum á þeim og leitar umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar.
- b. 3. mgr. orðast svo:
Sé umsögn Umhverfis- og orkustofnunar neikvæð er samþykktin endursend til sveitarstjórnar með leiðbeiningum um hvað til þurfi svo að jákvæð umsögn fái.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Til að knýja á um framkvæmd ráðstafana samkvæmt samþykktum sem settar eru á grundvelli þessarar greinar fer sveitarstjórn með valdsvið og heimildir til beitingar þvingunarúrreæða skv. XVI. kafla, að því marki sem sveitarstjórn, en ekki Umhverfis- og orkustofnun, fer með framkvæmd og eftirlit samkvæmt hlutaðeigandi samþykkt.

31. gr.

Orðin „eða heilbrigðisnefnd“ í 60. gr. laganna falla brott.

32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

- a. Orðin „heilbrigðisnefnd eða“ í 1. og 3. másl. 1. mgr. og í 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „viðkomandi heilbrigðiseftirliti“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. Orðin „og heilbrigðisnefnda“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
- d. Orðin „eða heilbrigðisnefndar“ í 2. másl. 3. mgr. falla brott.
- e. Orðin „eða heilbrigðisnefnd“ í 5. másl. 3. mgr. falla brott.
- f. Orðin „og sektir sem heilbrigðisnefndir leggja á að frádregnum kostnaði við innheimtu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits“ í lokamálslið 3. mgr. falla brott.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Fulltrúum Umhverfis- og orkustofnunar skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi, reglugerðir og samþykktir ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.
- b. Orðin „í samráði við heilbrigðisnefndir“ í 2. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. fellur brott.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

- a. Orðin „eða heilbrigðisnefnd“ tvívegis í 1. mgr. falla brott.
- b. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

35. gr.

66. gr. laganna fellur brott.

36. gr.

Fyrirsögn viðauka I verður: Iðnaðarstarfsemi, meðhöndlun úrgangs og annað.

37. gr.

Viðauki II verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Viðauki II. Önnur mengandi starfsemi og hollustuháttastarfsemi.**a. önnur mengandi starfsemi:**

1. Aksturs- og/eða kennslubraut.
2. Bensínstöð.
3. Bifreiða- og vélaverkstæði.
4. Bifreiðasprautun.
5. Bón- og bílaþvottastöð.
6. Brenna, stærri en 100 m³.
7. Efnalaug og þvottahús.
8. Eldi alifugla, annað en í viðauka I.
9. Eldi sjávar- og ferskvatnslífvera.
10. Eldi svína, annað en í viðauka I.
11. Endurvinnsla skipa, sbr. 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.
12. Flugeldasýning.
13. Flugvöllur þar sem er áætlunarflug.
14. Flutningur úrgangs.
15. Formeðferð, svo sem þvottur, bleiking, mersivinnsla eða litun textíltrefja eða textílefna, önnur en í viðauka I.
16. Framköllun, t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum.
17. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað, önnur en í viðauka I.
18. Framleiðsla á áfengi og gosdrykkjum, önnur en í viðauka I.
19. Framleiðsla á hreinsi- og þvottaefnum, önnur en í viðauka I.
20. Framleiðsla á ilmvatni og snyrtivörum, önnur en í viðauka I.
21. Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þess háttar, önnur en í viðauka I.
22. Framleiðsla glers, önnur en í viðauka I.
23. Framleiðsla leirvara með brennslu, önnur en í viðauka I.
24. Framleiðsla lífrænna og ólífrænna efna, önnur en í viðauka I.
25. Framleiðsla plasts, önnur en í viðauka I.
26. Garðaúðun og meindýravarnir.
27. Geymsla gass og annarra hættulegra efna.
28. Geymsla koldíoxíðs í jörðu.
29. Glerullar- og steinullarframleiðsla, önnur en í viðauka I.
30. Hreinsivirki fráveitu sem meðhöndlar meira en 50 pe.
31. Jarðborun.
32. Kanínurækt.
33. Kítín- og kítosanframleiðsla.
34. Líkbrennsla.
35. Loðdýrarækt.

36. Málningarvöruframleiðsla.
37. Meðferð og vinnsla hráefna úr dýra- og/eða jurtaríkinu vegna matvæla- eða fódurvinnslu, önnur en í viðauka I.
38. Meðhöndlun asbests.
39. Meðhöndlun og förgun spilliefna, þ.m.t. námuúrgangsstaðir, sbr. 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003, önnur en í viðauka I.
40. Meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutningur, notkun og hreinsun.
41. Meðhöndlun úrgangs, önnur en í viðauka I.
42. Móttökustöð fyrir úrgang.
43. Niðurrif bifreiða og bílapartasala.
44. Niðurrif mannvirkja.
45. Olíubirgðastöðvar.
46. Olíumalar- og malbikunarstöðvar og geymsla olíuefna utan fastra starfsstöðva.
47. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla, önnur en í viðauka I.
48. Prentun þar sem er notkun á mengandi efnum.
49. Rannsóknir og vinnsla kolvetnis, önnur en í viðauka I.
50. Ryðvarnarverkstæði.
51. Saltvinnsla.
52. Skotvöllur.
53. Sláturhús, önnur en í viðauka I.
54. Smurstöð.
55. Spennistöð þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af olíu.
56. Starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi.
57. Steypueiningaverksmiðja.
58. Steypustöð.
59. Sútunarverksmiðjur, aðrar en í viðauka I.
60. Trésmíðaverkstæði, önnur en í viðauka I.
61. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
62. Vinnsla á hrájárni eða stáli, önnur en í viðauka I.
63. Vinnsla gúmmís, önnur en í viðauka I.
64. Vinnsla jarðefna, þ.m.t. legsteinagerð, önnur en í viðauka I.
65. Vinnsla járnlausra málma, önnur en í viðauka I.
66. Vinnsla málma, önnur en í viðauka I.
67. Virkjun og orkuveita frá 1 MW.
68. Yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, önnur en í viðauka I.
69. Yfirborðsmeðferð málma eða plastefna, önnur en í viðauka I.
70. Æfingasvæði slökkviliðs.

b. hollustuháttastarfsemi:

1. Almenningsalerni.
2. Baðstaður í náttúrunni, flokkur 1 og 2.
3. Daggæsla hjá dagforeldrum með sex börn eða fleiri.
4. Dvalarheimili.
5. Dýragæsla.
6. Dýralæknastofa.
7. Dýrasnyrtistofa.

8. Dýraspítali.
9. Fangagæsla.
10. Fangelsi.
11. Gististaður, að undanskilinni heimagistingu.
12. Heilsuræktarstöð.
13. Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri.
14. Hestaleiga og/eða reiðskóli.
15. Hundahótel.
16. Íþróttahús.
17. Íþróttamiðstöð.
18. Íþróttavöllur.
19. Leiksvæði, önnur en leiksvæði við fjöleignarhús með sameiginlegu svæði.
20. Sambýli þar sem veitt er þjónusta allan sólarhringinn.
21. Samgöngumiðstöð.
22. Samkomuhús, þ.m.t. veitingastaður.
23. Skemmti- og þemagarður, þ.m.t. tívolí og dýragarður.
24. Skólahúsnæði.
25. Starfsmannabúðir.
26. Starfsmannabústaðir.
27. Starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta.
28. Stofa þar sem fram fer húðrof.
29. Stofa þar sem fram fer meðferð á líkama án húðrofs.
30. Sund- og baðstaður.
31. Tjald- og hjólhýsasvæði.
32. Útihátíð.
33. Verslunarmiðstöð.
34. Verslun með gæludýr.

38. gr.

Viðauki IV fellur brott.

IV. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998.

39. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 4. tölul. 4. mgr. 6. gr. a laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnunar.

V. KAFLI

Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

40. gr.

Á undan orðinu „upplýsingar“ i-lið 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: veitingu leyfis til smásölu tóbaksvara, sbr. 11. mgr. 8. gr., og.

41. gr.

5. gr. b laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með smásölu tóbaks.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. 2. másl. 7. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði“ í 1. og 2. másl. 11. mgr. kemur: ÁTVR.
- c. 5. másl. 11. mgr. orðast svo: ÁTVR er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi og Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir eftirlit með starfsemi leyfishafa.
- d. 2. másl. 13. mgr. fellur brott.

43. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 2. másl. 11. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

44. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Umhverfis- og orkustofnunar, hafa eftirlit með smásölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu“ í 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með smásölustöðum tóbaks og fylgist með því.
- b. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar og getur þá nefndin“ í 2. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnunar og getur þá stofnunin.
- c. Í stað orðanna „heilbrigðisnefnd á viðkomandi eftirlitssvæði“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- d. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: stofnuninni.
- e. Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 4. mgr. 17. gr. kemur: ÁTVR og Umhverfis- og orkustofnunar.

45. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðisnefndir“ í 1. mgr. 18. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. a laganna:

- a. Við 1. tölul. 2. mgr. bætist: og framkvæmd leyfisveitinga, sbr. 1. mgr. 5. gr.
- b. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: verkefni Umhverfis- og orkustofnunar, um framkvæmd eftirlits, sbr. 5. gr. b, að höfðu samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

47. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Umhverfis- og orkustofnun fer með eftirlit með framkvæmd laga þessara.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Orðin „og eftir atvikum heilbrigðisnefndar“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.

- b. Í stað orðsins „útgefandi“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. 2. mgr. orðast svo:
Umhverfis- og orkustofnun veitir starfsleyfi samkvæmt lögum þessum.
- d. Í stað orðanna „útgefanda starfsleyfis“ í 4. mgr. og sömu orða í 5. mgr., tvívegis í 9. mgr., í 10. mgr. og 11. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

49. gr.

Í stað orðanna „Útgefandi starfsleyfis“ í 2. másl. 2. mgr. 16. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

50. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. 5. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „útgefanda starfsleyfis skv. 2. mgr. 14. gr.“ í 2. mgr. kemur Umhverfis- og orkustofnunar.

51. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir“ í 2. mgr. 24. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

52. gr.

Í stað orðanna „útgefandi starfsleyfis“ í z-lið 43. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

53. gr.

Orðin „eða viðkomandi eftirlitsaðila“ tvívegis í 60. gr. laganna falla brott.

54. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 61. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „eftirlitsaðili“ í 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Orðin „Umhverfis- og orkustofnun hefur“ í 1. mgr. falla brott.
- c. Orðin „eða viðkomandi eftirlitsaðila“ í 6. mgr. falla brott.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. a laganna:

- a. 2. mgr. orðast svo:
Umhverfis- og orkustofnun veitir starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa. Starfsleyfi vegna endurvinnslu skipa yfir 500 brúttótonnum skal vera til fimm ára í senn, en að öðru leyti gilda ákvæði 14.–17. gr. um útgáfu starfsleyfa eftir því sem við á. Um starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum gilda ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- b. 4. mgr. fellur brott.

56. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 65. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðið „einnig“ í 3. másl. 1. mgr. fellur brott.

- c. Í stað orðsins „heilbrigðiseftirlitsins“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: eftirlitsins.
- d. Orðin „og öðrum eftirlitsaðilum samkvæmt lögum þessum“ í 2. mgr. falla brott.
- e. 5. mgr. fellur brott.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Orðin „og heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin „eða heilbrigðisnefnd þar sem hún fer með eftirlit“ í 4. mgr. falla brott.

58. gr.

2. mgr. 67. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

59. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 4. gr. laganna:

- a. Orðin „heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna eða“ í 2. másl. falla brott.
- b. Orðin „eða við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit eftir því sem við á“ í 3. másl. falla brott.
- c. Lokamálsliðurinn fellur brott.

60. gr.

Orðin „heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna“ í 5. gr. laganna falla brott.

61. gr.

Orðin „og ef við á hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar“ í 7. mgr. 8. gr. laganna falla brott.

62. gr.

Orðin „og heilbrigðisnefnda viðkomandi sveitarfélaga“ í 5. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

63. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Orðin „og heilbrigðisnefnd“ í 3. másl. a-liðar falla brott.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 4. og 5. másl. a-liðar kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- c. 6. másl. a-liðar fellur brott.
- d. 3. másl. b-liðar fellur brott.
- e. Orðin „heilbrigðisnefnd eða“ í 4. másl. b-liðar falla brott.

64. gr.

3. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

65. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Orðin „eða heilbrigðisnefnd, þar sem það á við“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Lokamálsliður 2. mgr. fellur brott.
- c. Orðin „en tilkynna skal það hluteigandi heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. falla brott.

66. gr.

Orðin „eða viðkomandi heilbrigðisnefnd, sbr. 2. mgr. 4. gr.“ tvívegis í 23. gr. og í 1. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um veitingastaði, gistaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

67. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefndum sveitarfélaga“ í 1. mgr. 10. gr. laganna og orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 2. mgr. 10. gr. og sömu orða hvarvetna annars staðar í lögnum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun.

IX. KAFLI

Breyting á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

68. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 4. mgr. 4. gr. og sama orðs tvívegis í 5. mgr. 4. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Umhverfis- og orkustofnun.

X. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

69. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Orðin „og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga“ í 1. másl. 1. mgr. falla brott.
- b. Orðin „í samvinnu við heilbrigðisnefndir og“ í 2. másl. 1. mgr. falla brott.
- c. Orðin „frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefndum“ í 3. mgr. falla brott.

70. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: sveitarfélögum.

71. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga“ í 4. másl. 2. mgr. kemur: sveitarfélög.
- b. Í stað orðanna „heilbrigðisnefndum sveitarfélaga“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: sveitarfélögum.
- c. Í stað orðanna „Þá er heimilt“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Heimilt er.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012.

72. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefndar sveitarfélags“ og „viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 4. másl. 2. mgr. 9. gr. og 2. másl. 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: Matvælastofnunar; og: Matvælastofnun.

73. gr.

Orðin „hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar“ í 2. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna falla brott.

74. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd“ og „heilbrigðisnefndar“ í 2. másl. 1. mgr. 13. gr., 2. másl. 1. mgr. 14. gr. og 2. másl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Matvælastofnun; og: Matvælastofnunar.

75. gr.

3. og 4. másl. 23. gr. laganna falla brott.

76. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:

- a. 3. másl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðanna „og viðkomandi heilbrigðisnefnd skulu“ í 4. mgr. kemur: skal.

77. gr.

Orðin „eða heilbrigðisnefndar“ í 1. mgr. 30. gr. laganna falla brott.

XII. KAFLI

Breyting á efnalögum, nr. 61/2013.

78. gr.

Orðin „heilbrigðisnefndir sveitarfélaga“ í 15. tölul. 5. gr. falla brott.

79. gr.

6. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

80. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. laganna:

- a. Orðin „heilbrigðisnefndum sveitarfélaga“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.
- b. Orðin „hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd“ í 2. másl. 2. mgr. falla brott.
- c. 4. mgr. fellur brott.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015.

81. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 1. másl. 2. mgr. og 5. mgr. 4. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

82. gr.

Orðið „heilbrigðisnefndar“ í 1. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.

83. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisnefndir sveitarfélaga“ í 2. másl. 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

84. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Ákvæði til bráðabirgða.

Starfsfólk sem er í starfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga við gildistöku laga þessara og sinnir þeim verkefnum sem færast til Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögum þessum skal eiga forgangsrétt til starfa við Umhverfis- og orkustofnun sem verða til vegna lagabreytinganna. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta byggist á tillögum stýrihóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra frá árinu 2025. Hlutverk stýrihópsins var að rýna tillögur og sviðsmyndir starfshóps frá árinu 2023 um breytt fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli. Helsta niðurstaða stýrihópsins var sú að með núverandi eftirlitskerfi væri áreiðanleiki og samfella í framkvæmd ekki tryggð. Benti stýrihópurinn á tvær sviðsmyndir sem gætu leitt til skýrari ábyrgðar, að dregið yrði úr ósamræmi og samhæfing yrði eflað við eftirlit. Var niðurstaðan sú að hagkvæmasta sviðsmyndin væri sú að færa stjórnslu hollustuhátta og mengunarvarna og matvælaeftirlits alfarið til ríkisstofnana og að byggja upp sameiginlegt upplýsingakerfi þessara stofnana.

Í frumvarpinu eru gerðar tillögur til breytinga á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er varða eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum auk þess sem lagðar eru til breytingar á ákvæðum fleiri laga sem leiða af þeim breytingum.

Samkvæmt gildandi lögum er meginábyrgð á framkvæmd og samræmingu eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum hjá Umhverfis- og orkustofnun. Auk þess fer hluti stjórnslu og eftirlits fram á sveitarstjórnarstigi og er sinnt af heilbrigðisnefndum, sem kjörnar eru af sveitarstjórnnum, og framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna heilbrigðiseftirlits sem starfar í umboði viðkomandi heilbrigðisnefndar. Er landinu skipt upp í níu heilbrigðiseftirlitssvæði.

Lagt er til í frumvarpinu að framkvæmd eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum færist alfarið til ríkisins og verði framvegis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Samhliða leggur atvinnuvegaráðherra fram frumvarp þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum verði framvegis í höndum Matvælastofnunar. Fara þarf með frumvarp þetta í samræmi við frumvarp atvinnuvegaráðherra.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, og laga um matvæli, nr. 93/1995, hefur verið til skoðunar í allmörg ár. Komið hafa fram fjölmargar ábendingar um að núverandi fyrirkomulag við eftirlit með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum sé haldið ágöllum og að framkvæmdin sé ólík milli eftirlitssvæða þar sem um er að ræða marga sjálfstæða eftirlitsaðila, með eigið eftirlitskerfi. Þá liggur fyrir að Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun skortir úrræði til að sinna því samræmingarhlutverki sem umrædd lög gera ráð fyrir að stofnanirnar sinni gagnvart heilbrigðiseftirliti og því vanti bæði yfirsýn og samræmi í stjórnsluframkvæmd og eftirliti.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur frá árinu 2010 ítrekað gert athugasemdir við annmarka á skipulagi opinbers eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla.

Fjölmargar greiningar á fyrirkomulagi eftirlits hafa verið unnar á undanförunum árum. Má þar nefna skýrslu um hlutverk Hollustuverndar ríkisins frá október 2001, þar sem m.a. var

bent á að Hollustuvernd væri ætlað að fylgjast með því hvort heilbrigðiseftirlitssvæðin sinni skyldum sínum samkvæmt lögum og reglugerðum, þ.e. eftirlit með eftirliti. Í apríl 2004 skilaði Hagfræðistofnun Háskóla Íslands skýrslu um eftirlitsiðnaðinn á Íslandi þar sem m.a. er fjallað um að túlkun og framkvæmd laga og eftirlits geti verið mismunandi eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum. Þá má benda á úttekt Ríkisendurskoðunar á Matvælastofnun frá 2013 þar sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti var hvatt til að kanna hvort sameina ætti allt matvælaeftirlit á eina hendi. Umhverfisráðherra skipaði starfshóp þann 21. maí 2012 um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998. Hópurinn skilaði skýrslu um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum árið 2015 og taldi tækifæri til að einfalda stjórnýslu laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Árið 2020 vann KPMG greiningu að beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðherra, á matvæla- og hollustuháttaeftirliti. Helstu niðurstöður greiningarinnar voru m.a. þær að eftirlitið væri í höndum 12 stjórnvalda og ekki hefði tekist að samræma framkvæmd eftirlitsins að öllu leyti. Þá væri verklag við skjalastjórnun og upplýsingasöfnun ekki að fullu samræmt og alls fimm tegundir gagnagrunna notaðar við framkvæmd eftirlits. Taldi KPMG nauðsynlegt að bregðast við skorti á stöðluðu verklagi og skráningu til að tryggja að framkvæmd eftirlits uppfylli ákvæði gildandi laga og til að hægt væri að meta skilvirkni með fullnægjandi hætti.

Í október 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að undangengnu samráði við matvælaráðuneytið, starfshóp sem hafði það hlutverk að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Starfshópurinn skilaði skýrslu þann 17. október 2023 þar sem fram kemur að ósamræmi í eftirliti sé mikið, stjórnýsla flókin og að yfirsýn skorti. Starfshópurinn setti fram tillögur að sviðsmyndum, en megintillaga starfshópsins var að allt opinbert eftirlit á grundvelli laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, auk tengdrar löggjafar, yrði á hendi ríkisins, þannig að eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum yrði fært til Umhverfis- og orkustofnunar og eftirlit með matvælum yrði fært til Matvælastofnunar.

Í maí 2024 skipuðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og matvælaráðherra stýrihóp sem var falið að rýna tillögur og sviðsmyndir starfshóps um breytt fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli, sem skilaði skýrslu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í ágúst 2023. Stýrihópnum var jafnframt falið að leggja drög að innleiðingu á miðlægu umsýslukerfi sem tryggja skyldi samræmda framkvæmd frá móttöku umsóknar til framkvæmdar eftirlits. Stýrihópurinn skilaði skýrslu í júní 2025. Helstu niðurstöður stýrihópsins voru að þrátt fyrir góðan vilja og fagmennsku þeirra sem sinna eftirliti samkvæmt núverandi kerfi valdi óskýr verkaskipting því að áreiðanleiki og samfella í framkvæmd sé ekki tryggð. Taldi stýrihópurinn tvær sviðsmyndir bjóða upp á raunhæfar leiðir til að skýra ábyrgð, draga úr ósamræmi og efla samhæfingu í framkvæmd opinbers eftirlits. Fyrri sviðsmyndin felur í sér að allt eftirlit færist alfarið til ríkisstofnana. Sú seinni felur í sér að framkvæmd eftirlits verði á svæðisbundnum grunni en stofnanir ríkisins fái skýrt yfirstjórnarhlutverk og aukið boðvald. Telur stýrihópurinn að sú sviðsmynd yrði bæði flóknari í útfærslu og framkvæmd en fyrri sviðsmyndin þar sem allt eftirlit yrði fært til ríkisstofnana.

Í skýrslu sinni lagði stýrihópurinn áherslu á, óháð því hvaða sviðsmynd yrði valin, að ráðist yrði í uppbyggingu sameiginlegs upplýsingakerfis sem héldi utan um starfsleyfi, eftirlitsferla, skilyrði og afgreiðslu erinda. Kerfið þyrfti að tryggja gagnsæi, aðgengi og stöðlun og möguleika á sjálfsafgreiðslu.

Í júlí 2024 sendi ESA matvælaráðuneytinu formlegt áminningarbréf þar sem bent er á að fyrirkomulag matvælaeftirlits á Íslandi standist ekki kröfur EES-samningsins. Helstu athugasemdir varða skort á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits.

Í maí 2025 vann KPMG þarfa- og kröfulýsingu fyrir sameinaða innviði fyrir atvinnuvegaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Þarfa- og kröfulýsingin lýsir núverandi fyrirkomulagi eftirlits, þörfum og áskorunum ásamt tillögu að framtíðarfyrirkomulagi stafrænna sameinaðra innviða eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum. Áhersla er á straumlínulagaða þjónustu og að kerfishögun mæti kröfum um betri heildaryfirsýn gagna og rekjanleika í eftirliti, hlítu við lög og reglugerðir, samræmda áhættustjórnun og öryggi og að reglubundið eftirlit sé í samræmi við áhættu.

Í ljósi alls framangreinds hafa umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra tekið sameiginlega ákvörðun um að leggja til að allt eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli verði fært til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar. Er tillagan lögð fram í þeim tilgangi að tryggja skilvirkt eftirlit á málefnasviðinu og einfalda stjórnsýslu gagnvart þjónustugefum.

Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 um aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir verði fært til Umhverfis- og orkustofnunar. Þó að meginábyrgð á framkvæmd og samræmingu eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum sé nú hjá Umhverfis- og orkustofnun fer hluti af eftirlitinu fram á sveitarstjórnarstigi og er sinnt af heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum á níu heilbrigðiseftirlitssvæðum.

Þannig er lagt til í frumvarpinu að útgáfa starfsleyfa og eftirlit á sviði hollustuhátta og mengunarvarna verði fært frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Samhliða er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði aflagt í lögum. Eftir hjá sveitarfélögum verða tiltekin staðbundin verkefni, sjá nánar kafla 7.2.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að opinbert eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum sé árangursríkt, skilvirkt, óhlutdrægt og uppfylli kröfur um gæði og samræmi í framkvæmd.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjölmörgum ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, auk þess sem lagðar eru til breytingar á fleiri lögum þar sem fjallað er um opinbert eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á eftirfarandi löggjöf:

3.1. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.*

Lagt er til að við hlutverki heilbrigðisnefnda samkvæmt lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu taki Umhverfis- og orkustofnun.

3.2. *Sóttvarnalög, nr. 19/1997.*

Lagðar eru til breytingar á sóttvarnalögum þar sem Umhverfis- og orkustofnun tekur við hlutverki heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga, og í einu tilviki Matvælastofnun, ásamt Umhverfis- og orkustofnun.

3.3. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Lagðar eru til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem Umhverfis- og orkustofnun tekur við hlutverki heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga við útgáfu starfsleyfa og framkvæmd eftirlits. Þá eru lagðar til breytingar á viðaukum laganna til einföldunar auk þess sem létt er á auglýsingaskyldu starfsemi sem fellur undir a- og b-lið viðauka II.

3.4. Áfengislög, nr. 75/1998.

Lögð er til breyting á áfengislögum þar sem Umhverfis- og orkustofnun tekur við hlutverki heilbrigðisnefndar.

3.5. Lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002.

Lagðar eru til breytingar á lögum um tóbaksvarnir þannig að ÁTVR sér um leyfi til smásölu tóbaks og Umhverfis- og orkustofnun sér um eftirlit með smásölu tóbaks.

3.6. Lög um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003.

Lagðar eru til breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs þannig að Umhverfis- og orkustofnun fari með eftirlit og framkvæmd laganna.

3.7. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004.

Lagðar eru til breytingar á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda þannig að hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fellur brott og Umhverfis- og orkustofnun tekur við þeim verkefnum.

3.8. Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

Lagðar eru til breytingar á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þannig að við hlutverki heilbrigðisnefndar tekur Umhverfis- og orkustofnun.

3.9. Lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009.

Lögð er til breyting á lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna þannig að Umhverfis- og orkustofnun taki við hlutverki heilbrigðisnefndar.

3.10. Lög um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Lögð er til breyting á lögum um stjórn vatnamála þannig að tekin er út tilvísun til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Í staðinn taka sveitarfélög við verkefnum er lúta að vöktun skv. 22. gr. laganna.

3.11. Lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012.

Lagðar eru til breytingar á lögum um umhverfisábyrgð þannig að tekin er út tilvísun til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

3.12. Efnalög, nr. 61/2013.

Lagðar eru til breytingar á efnalögum þannig að tekin er út tilvísun til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

3.13. Lög um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015.

Lögð er til breyting á lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum þannig að við hlutverki heilbrigðisnefndar tekur Umhverfis- og orkustofnun.

3.14. Lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 40/2025.

Lögð er til breyting á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála þannig að við hlutverki heilbrigðisnefnda sveitarfélaga tekur Umhverfis- og orkustofnun.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið er ekki talið fela í sér álitæfni sem kallar á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur í formlegu áminningarbréfi bent á að fyrirkomulag matvælaeftirlits á Íslandi standist ekki kröfur EES-samningsins. Auk frumvarps þessa verður lagt samhliða fram frumvarp til laga af hálfu atvinnuvegaráðherra þar sem lagt verður til að eftirlit með matvælum verði fært til Matvælastofnunar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðis- eftirliti sveitarfélaga og er með því brugðist við þeim ábendingum.

5. Samráð.

Hinn 5. september 2025 var birt í samráðgátt stjórnvalda, mál nr. S-160/2025 áformaskjal vegna breytinga á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Samráði lauk þann 19. september 2025 og bárust alls 34 umsagnir um áformin um lagasetningu sem unnið var úr við gerð frumvarpsins.

Frumvarpið byggist m.a. á vinnu stýrihóps sem skipaður var 2024, en í honum áttu sæti fulltrúar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, matvælaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, Samtaka atvinnulífsins og innviðaráðuneytisins. Þá sátu áheyrnarfulltrúar frá Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun einnig fundi hópsins og tóku virkan þátt í rýni. Stýrihópurinn hélt samráðsfundi með sveitarfélögum, heilbrigðiseftirlitssvæðum og fyrirtækjum þar sem málefnalegar umræður áttu sér stað um helstu áskoranir.

Drög að frumvarpi voru birt til samráðs í samráðsgátt stjórnvalda frá 26. janúar 2026 til 17. febrúar sama árs, mál nr. S-3/2026. Alls 100 umsagnir bárust um frumvarpið.

Í ýmsum umsögnum er þeim áformum sem fram koma í frumvarpinu mótmælt auk þess sem talið er að áhrif þess hafi ekki verið greind með nægjanlegum hætti.

Þá er í ýmsum umsögnum lýst yfir áhyggjum af eftirlitskostnaði. Eftirlitsgjöld eru þjónustugjöld og byggja á þeim kostnaði sem hlýst af eftirlitinu. Í skýrslu stýrihóps sem skipaður var 2024 kemur fram að talið sé að sveitarfélög hafi verið að greiða niður eftirlitskostnað. Gert er ráð fyrir að eftirlitsgjöld munu hækka sem því nemur, þ.e. til að standa undir raunkostnaði eftirlits.

Einnig er lýst yfir áhyggjum af því að eftirlitsferðir kunni að verða fleiri þar sem tvær stofnanir munu nú í einhverjum tilvikum þurfa að fara í eftirlit hjá rekstraraðila í stað eins heilbrigðiseftirlits áður. Til að bregðast við þessu er í frumvarpinu lagt til að bæta við heimild í 58. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem fjallar um framsal eftirlits, fyrir Umhverfis- og orkustofnun að framselja eftirlit til Matvælastofnunar. Áfram verða þó þvingunarúrræði vegna eftirlitsins hjá Umhverfis- og orkustofnun. Auk þess er gert ráð fyrir að farið verði í áhættumiðað eftirlit með markvissum hætti.

Frumvarpið hefur tekið nokkrum breytingum frá lokum samráðstíma. Við breytingarnar var m.a. horft til umsagna hagaðila. Í fyrsta lagi má nefna að nú er lögð til skýr heimild fyrir sveitarfélög til að hafa samvinnu um framkvæmd þeirra verkefna sem þeim er falið í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Í öðru

lagi eru lagðar til lágmarksbreytingar á ákvæði um samþykktir sveitarfélaga sem settar eru samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Talið er að allri óvissu varðandi vald- og gjaldtökuheimildir sveitarfélaga sé með því eytt. Í þriðja lagi má nefna að í skýringum við ákvæði til bráðabirgða er nú tiltekinn áætlaður fjöldi þeirra stöðugilda sem verður til hjá Umhverfis- og orkustofnun vegna breytinganna. Í fjórða lagi eru lagðar til breytingar á lögum um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, þar sem eftirlit með smásölu tóbaks er flutt til Umhverfis- og orkustofnunar.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Almenn.

Frumvarpið felur í sér að eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir verði fært til Umhverfis- og orkustofnunar. Samhliða þessu frumvarpi verður enn fremur lagt fram frumvarp til laga af hálfu atvinnuvegaráðherra þar sem lagt verður til að eftirlit með matvælum verði fært til Matvælastofnunar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Markmið breytinganna er að tryggja að opinbert eftirlit með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum sé árangursríkt og skilvirkt, uppfylli kröfur um gæði og samræmi í framkvæmd og sé í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Breytingarnar fela í sér að verkefni sem nú eru unnin á vegum heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga færast til ríkisins þannig að yfirstjórn og framkvæmd eftirlits verði sameinuð innan tveggja ríkisstofnana í stað þess að skiptast á milli þeirra og níu heilbrigðiseftirlitssvæða. Þessum breytingum er ætlað að leiða til einföldunar, aukinnar samfelli í stjórnsýslu, heildaryfirsýnar og samræmdrar framkvæmdar eftirlits á landsvísu.

Áhrif frumvarpsins á ríkissjóð eru metin takmörkuð. Gert er ráð fyrir að þjónustugjöld muni standa undir varanlegum rekstrarkostnaði Umhverfis- og orkustofnunar vegna þeirra verkefna sem færast til stofnunarinnar frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Þrátt fyrir það er ljóst að tiltekinn einskiptiskostnaður mun falla á ríkissjóð, t.d. vegna breytinga á starfsstöðvum.

Áhrif á fjárhag sveitarfélaga eru metin takmörkuð. Ekki er gert ráð fyrir tilfærslu þess fjármagns sem sveitarfélög hafa varið til verkefna heilbrigðiseftirlita. Bein fjárhagsleg áhrif eru því óveruleg eða jákvæð í þeim tilfellum sem sveitarfélög hafa borið hluta kostnaðar af verkefnum sem flytjast nú til ríkisins. Viss óbein neikvæð áhrif á sveitarfélög kunna að felast í því að sérfræðipækking sem hingað til hefur verið bundin við sveitarstjórnarstig flytjist að hluta til ríkisins og getur það takmarkað aðgengi sveitarfélaga að slíkri ráðgjöf í einstökum málum. Þá mun tiltekinn einskiptiskostnaður falla á sveitarfélög, t.d. vegna mögulegra biðlaunagreiðslna o.fl.

Áhrif frumvarpsins á atvinnulíf og fyrirtæki verða almennt jákvæð. Samræming verklags, krafna og eftirlitsferla dregur úr flækjustigi og mismunandi framkvæmd milli svæða, styrkir jafnræði og tryggir meiri fyrirsjáanleika og einfaldar samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Frumvarpið felur ekki í sér takmarkanir á samkeppni, aðgangi að markaði eða rekstrarfrelsi fyrirtækja. Efling eftirlitsstofnana og samræmd gjaldtaka getur í tilteknum tilvikum leitt til hækkunar kostnaðar hjá fyrirtækjum en á móti vegur hagræði af stöðluðum ferlum, skýrari kröfum og skilvirkara upplýsingakerfi.

Frumvarpið hefur engin áhrif á jafnrétti kynjanna eða stöðu einstakra samfélagshópa. Þá hefur frumvarpið engin áhrif á persónuvernd þar sem hvorki er kveðið á um nýja vinnslu persónuupplýsinga né breytingu á heimildum til slíkrar vinnslu.

Samkvæmt framangreindu er ljóst að frumvarpið hefur fyrst og fremst áhrif til einföldunar og eflingar stjórnsýslu og til að tryggja aukna skilvirkni, samræmingu og gæði í framkvæmd

opinbers eftirlits. Þótt viss tímabundinn kostnaður muni falla á ríkissjóð vegna þeirra breytinga sem fylgja frumvarpinu og þess upplýsingakerfis sem talið er forsenda þess að markmið frumvarpsins nái fram að ganga, er ávinningur frumvarpsins fyrir samfélagið verulegur, bæði felur það í sér einföldun og hagræði auk þess að tryggja að framkvæmd eftirlitsins sé í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

6.2. Verkefni sveitarfélaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verkefni tengd loftgæðamælingum og gerð viðbragðs-áætlana fari að hluta til til sveitarfélaga. Samþykktir sem sveitarfélög setja sér t.d. um fráveitur, meðhöndlun úrgangs og takmörkun dýrahalds verða nú samdar af sveitarfélögum í stað heilbrigðisnefnda áður. Gert er ráð fyrir að sveitarfélög fái heimildir til að gera kröfu um ráðstafanir vegna umgengni og umhirðu utan húss, í stað heilbrigðisnefnda.

Verði frumvarpið samþykkt þarf að gera ýmsar breytingar á reglugerðum og má gera ráð fyrir að þar verði verkefni færð frá heilbrigðisnefndum til sveitarfélaga. Má t.d. nefna samráð við gerð aðgerðaáætlunar vegna hávaða samkvæmt reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, upplýsingagjöf um álag á vötn samkvæmt reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og reglugerð um varnir gegn mengun vatns, ásamt upplýsingagjafar til Umhverfis- og orkustofnunar úr mælingum á umhverfsgæðum verði sveitarfélög með slíkar mælingar. Einnig má gera ráð fyrir að samþykki fyrir fráveitu- og hreinsibúnaði fari til sveitarfélaga sem þó verði samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar, sem og samþykki fyrir staðsetningu og frágang á hauggeymslum. Þá mun það falla í hlut sveitarstjórna að sjá um stöðuskýrslu um förgun skólps til Umhverfis- og orkustofnunar og veita umsagnir um urðunarstaði, auk þess að sinna annarri upplýsingagjöf, t.d. í tengslum við reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Í samræmi við hlutverk sveitarfélaga í frumvarpinu tengd loftgæðamælingum má gera ráð fyrir að gerðar verði breytingar á reglugerð um loftgæði þar sem sveitarfélög fá aukið hlutverk. Auk þess skulu sveitarfélög eiga í samstarfi við Umhverfis- og orkustofnun um skrá yfir svæði um mengaðan jarðveg samkvæmt reglugerð um mengaðan jarðveg.

Þá hafa verið unnar samantektir á verkefnum heilbrigðiseftirlita í reglum og samþykktum sveitarfélaga.

6.3. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mat á fjárhagslegum áhrifum frumvarpsins var lagt fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Sambandið taldi ekki hægt að fullyrða um fjárhagslegu áhrifin þar sem fyrirbyggjandi frumvarp klári ekki útfærslu á tilfærslu verkefna enda er kveðið á um fjölmörg verkefni heilbrigðiseftirlita í reglugerðum og fyrirhugaðar breytingar á reglugerðum liggja ekki fyrir. Þá sé margt óljóst varðandi þau verkefni og óvíst hvernig fari með vald- og gjaldtökuheimildir vegna þeirra verkefna. Einnig sé ljóst að sveitarfélögin tapa aðgengi að mikilvægri sérfræðiþekkingu sem liggja hjá starfsfólki heilbrigðiseftirlita. Það geti því orðið vandasamt og kostnaðarsamt að fá aðgengi að nauðsynlegri sérfræðiþekkingu til að sinna þeim verkefnum sem eftir verði hjá sveitarfélögum. Þannig sé óvíst hvort að núverandi framlög sveitarfélaga til verkefna heilbrigðiseftirlita dugi til að standa undir rekstri þeirra verkefna sem eftir verða hjá sveitarfélögum. Ahyggjur eru því að fjárhagsleg áhrif geti orðið neikvæð fyrir sveitarfélög.

6.4. Umfjöllun um umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í tilefni neikvæðrar umsagnar Samband íslenskra sveitarfélaga eru eftirfarandi atriði áréttuð.

Búið er að greina öll verkefni sem heilbrigðisnefndum er falið í reglugerðum. Ekki er talið rétt að binda þau verkefni í lögum og því eru þau ekki útlistuð í frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að langflest verkefni flytjist til Umhverfis- og orkustofnunar.

Varðandi þau verkefni sem eftir verða hefur verið brugðist við þessum áhyggjum m.a. með því að bæta við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir ákvæði um að sveitarfélögum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um framkvæmd þeirra verkefna sem þeim er falið í lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt lögum. Heimilt er einnig að fela byggðasamlagi eða öðru sveitarfélagi framkvæmd eftirlits og stjórnvaldsaðgerða samkvæmt lögum. Með þessu gætu sveitarfélögin starfrækt svæðisbundið samlag sem tæki við þeim verkefnum sem eftir verða hjá sveitarfélögum.

Einnig hefur verið brugðist við umsögnum í samráðsgátt um óvissu með vald- og gjaldtökuheimildir og ákvæði sett inn í frumvarpið um að heimilt sé að veita sveitarstjórnnum valdsvið og þvingunarúrræði til að knýja á um framkvæmd ráðstöfnunar samkvæmt samþykktum liggja fyrir jákvæð umsögn Umhverfis- og orkustofnunar þess efnis.

Þá er gert ráð fyrir að einhver stöðugildi verði eftir hjá sveitarfélögum við breytingarnar sem geta þá nýst við vinnslu þeirra verkefna sem eftir verða hjá sveitarfélögum.

Í núgildandi lögum er ákvæði um að sveitarstjórnir og önnur yfirvöld sveitarfélaganna skuli leita álits heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir vegna framkvæmda sem lög þessi taka til. Með frumvarpinu færast þetta hlutverk heilbrigðisnefndar til Umhverfis- og orkustofnunar. Áfram er því gert ráð fyrir að sveitarstjórnir geti leitað sérþekkingar á málum á sviði hollustuhátta og mengunarvarna án kostnaðar.

Varðandi önnur verkefni sem sveitarfélög kunna að hafa falið heilbrigðisnefndum, þ.e. verkefni sem ekki koma fram í lögum né reglugerðum varðandi hollustuhætti og mengunarvarnir, heldur til að mynda verkefni á sviði skipulags- og byggingamála, sbr. umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda, þá eru það lögbundin verkefni sveitarfélaga sem þau hafa heimild til að innheimta kostnað vegna t.d. samkvæmt skipulagslögum.

Heilbrigðisnefndum hefur verið falið hlutverk í reglugerðum flestra ráðuneyta, auk þess sem sveitarfélög hafa falið þeim verkefni. Þetta fyrirkomulag getur skapað hættu á að heilbrigðisnefndum hafi verið falin of mörg verkefni, án skýrrar yfirsýnar yfir verkefni, sem getur dregið úr skilvirkni. Auk þess stuðlar þetta fyrirkomulag ekki að einföldun, né skýrri ábyrgð og getur valdið því að yfirstjórn eftirlits er flóknari en ella. Talið er að fyrirhugaðar breytingar stuðli að því að hlutverk og ábyrgð verði skýr, bæði hvað varðar þau verkefni sem færast til Umhverfis- og orkustofnunar sem og þau verkefni sem eftir verða hjá sveitarfélögum. Áfram verði svo samvinna milli ríkis og sveitarfélaga.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 3. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga um kirkjugarða, grefrun og líkbrennslu. Lagt er til að í stað þess að leitað verði umsagnar heilbrigðisnefndar við gerð nýs kirkjugarðs eða stækkunar, svo og við gerð kapellu og líkhúss, skuli leita umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 2. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 3. mgr. 4. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997. Í ákvæðinu er mælt fyrir um skyldu sóttvarnalæknis til að hafa samvinnu við tilgreinda aðila. Í nágildandi ákvæði er kveðið á um að höfð skuli samvinna bæði við heilbrigðisnefndir og Matvælastofnun. Í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til er lagt til að sóttvarnalæknir hafi samráð við Umhverfis- og orkustofnun og Matvælastofnun.

Um 3. gr.

Lagðar eru til breytingar á 11. gr. sóttvarnalaga. Annars vegar er lagt til að felld verði niður tilkynningarskylda heilbrigðisfulltrúa samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til umdæmislæknis sóttvarna, en í greininni er þegar kveðið á um sambærilega skyldu starfsmanna Umhverfis- og orkustofnunar. Þá er lagt til að umdæmislæknir sóttvarna tilkynni Umhverfis- og orkustofnun í stað heilbrigðisnefnda um smithættu eða hættu af völdum eitur-efna eða geislavirkra efna.

Hins vegar er lagt til að í stað þess að sóttvarnalækni sé skylt að gefa heilbrigðisnefndum nauðsynlegar upplýsingar og ráð og hafa eftirlit með því að gripið sé til viðeigandi ráðstafana skuli sóttvarnalæknir veita Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun umræddar upplýsingar og hafa eftirlit með því að umræddar stofnanir grípi til viðeigandi ráðstafana.

Um 4. gr.

Lagt er til að vísun til heilbrigðisfulltrúa og heilbrigðisnefnda í fyrirsögn á undan 11. gr. sóttvarnalaga falli brott.

Um 5. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar sem að með frumvarpinu verður eftirlit með stjórnsýslu hollustuhátta og mengunarvarna fært til Umhverfis- og orkustofnunar, sem verður eini eftirlitsaðilinn, er lagt til að fella brott skilgreiningu á eftirlitsaðila í 1. mgr. Verður þá í lögnum vísað beint til stofnunarinnar, en ekki til eftirlitsaðila.

Þá er lögð til breyting á 10. mgr. þannig að faggilding hafi sömu merkingu og í lögum um faggildingu o.fl., nr. 24/2006. Talið er fara betur á því en að uppfæra þurfi ákvæðið þegar lögum nr. 24/2006 verður breytt.

Um 6. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lagt er til að ráðherra geti kveðið nánar á um í reglugerð hvaða starfsemi á sviði hollustuhátta er starfsleyfis skyld, til samræmis við breytingar sem gerðar eru á viðaukum laganna, þar sem settir eru fram tilteknir flokkar atvinnustarfsemi í stað þess að birta tæmandi lista yfir einstakar tegundir starfsemi. Þetta má sjá gert í ýmsum lögum, svo sem lögum um matvæli. Með þessu minnkar þörf á lagabreytingum til að fanga nýjar tegundir starfsemi sem eðli máls samkvæmt eiga að lúta sömu kröfum um hollustuhætti og aðrar.

Þá eru gerðar nauðsynlegar breytingar til að færa eftirlitsverkefni frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar. Þar sem lagt er upp með að sveitarfélög geti áfram sett sér samþykktir um meðhöndlun úrgangs og um umgengi og mikilvægt að þau geti gert kröfu um ráðstafanir vegna þess eru þau einnig tilgreind í 2. tölul. 4. gr. laganna.

Um 7. gr.

Lögð er til breyting á 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þannig að ráðherra geti kveðið nánar á um í reglugerð hvaða starfsemi á sviði mengunarvarna er starfsleyfis skyld, til samræmis við breytingar sem gerðar eru á viðaukum laganna þar sem settir eru fram tilteknir flokkar atvinnustarfsemi.

Um 8. gr.

Lagðar eru til breytingar á 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem fela í sér að öll útgáfa starfsleyfa á grundvelli laganna verði í höndum Umhverfis- og orkustofnunar, en samkvæmt gildandi lögum gefa Umhverfis- og orkustofnun og heilbrigðisnefndir út starfsleyfi fyrir þá starfsemi sem heyrir undir lögin.

Um 9. gr.

Lagðar eru til breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir þannig að í stað útgefanda starfsleyfis verði mælt fyrir um Umhverfis- og orkustofnun þar sem stofnunin verður eini útgefandi starfsleyfa.

Um 10. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 7. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem fjallar um útgáfu starfsleyfa.

Lagt er til að ný málsgrein bætist við 7. gr. laganna og kveðið verði á um að ekki þurfi að auglýsa starfsleyfi, eða breytingar á þeim, hvað varðar starfsemi sem tilgreind er í a- og b-lið viðauka II. Með þessu er verið að létta á auglýsingaskyldu starfsleyfa sem margir telja of íþyngjandi. Framkvæmd við auglýsingu á starfsleyfum hefur einnig sýnt að almennt eru ekki gerðar athugasemdir við umfangsminni starfsemi.

Um 11. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 7. gr. a laga hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem fjallað er um bráðabirgðaheimildir fyrir starfsemi sem heyrir undir lögin. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að Umhverfis- og orkustofnun verði heimilt að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild fyrir starfsemi í sérstökum undantekningartilvikum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði lagt niður og er því í greininni lagt til að Umhverfis- og orkustofnun skuli, í stað þess að leita eftir atvikum umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar eða annarra aðila, leita eftir umsögnum stofnana eða annarra aðila ef slíkt er talið nauðsynlegt. Með stofnunum er hér aðallega átt við Matvælastofnun.

Um 12. gr.

Lagt er til að nýr málslíður bætist við 1. mgr. 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þannig að ef starfsemi fellur undir málsmeðferð samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana þurfi ávallt starfsleyfi. Talið er rétt að hnykkja á þessu enda kann að þurfa að setja skilyrði í starfsleyfi tengd umhverfismati, sjá 1. mgr. 9. gr. laganna.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 8. gr. laganna sem leiðir af tillögum frumvarpsins um að Umhverfis- og orkustofnun verði eini eftirlitsaðilinn samkvæmt lögnum.

Um 13. gr.

Lagðar eru til breytingar á lögnum hvað varðar vísun til viðauka. Er þetta í samræmi við þá tillögu að gera breytingar á viðaukum laganna til einföldunar, sjá skýringar við 37. og 38. gr.

Um 14. gr.

Í samræmi við þá tillögu frumvarpsins að Umhverfis- og orkustofnun verði eini eftirlitsaðilinn samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er lagt til að í stað þess að vísað verði til eftirlitsaðila í 4. mgr. 21. gr. og sama orðs hvarvetna annars staðar í lögnum verði vísað til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 15. gr.

Þar sem leyfisveitandi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir verður með frumvarpinu aðeins Umhverfis- og orkustofnun er lagt til að vísað verði til stofnunarinnar í stað leyfisveitanda.

Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að gerðar verði breytingar á 36. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem fjallað er um loftgæði. Breytingarnar miða að því að Umhverfis- og orkustofnun og sveitarfélög fari með þau verkefni sem stofnunin hefur sinnt ásamt heilbrigðisnefndum sveitarfélaga varðandi loftgæði, t.d. að afla upplýsinga, meta loftgæði, setja upp og reka mælistöðvar og tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun, í stað heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, skuli gefa út staðbundnar áætlanir um loftgæði, og vinna viðbragðsáætlanir sem taka til skammtímaaðgerða varðandi loftgæði á einstökum svæðum í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og gefa út tilkynningar til almennings um loftgæði eftir því sem við á.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 41. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiða breytingarnar af því að verkefni samkvæmt lögnum eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 18. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 42. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem leiðir af því að verkefni eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar í frumvarpinu.

Um 19. gr.

Með greininni er lagt til að bætt verði við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir ákvæði sem kveður á um heimild sveitarfélaga til að hafa samvinnu um framkvæmd þeirra verkefna sem þeim er falið í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum. Rétt þykir að kveða skýrt á um heimildir sveitarfélaga til samstarfs og samvinnu, sbr. einnig IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Með greininni er lagður til skýr lagagrundvöllur fyrir því að sveitarfélög geti nýtt þau samstarfsform sem sveitarstjórnarlög bjóða upp á, sjá IX. kafla sveitarstjórnarlaga, svo sem stofnun byggðasamlaga skv. 94. gr. þeirra laga eða gerð samninga um yfirfærslu verkefna,

skv. 96. gr. þeirra laga. Er þetta í samræmi við þróun í annarri löggjöf sem varðar lögbundin verkefni sveitarfélaga.

Ákvæðið miðar að því að auka svigrúm sveitarfélaga til að skipuleggja verkefni sín á sem hagkvæmastan og skilvirkastan hátt, tryggja faglega getu eftirlitsins og stuðla að samræmingu, án þess að dregið sé úr þeirri stjórnskipulegu ábyrgð sem sveitarstjórnir bera á sínum verkefnum.

Um 20. gr.

Lagt er til að sex greinar, 44.–49. gr., laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, falli brott en þær fjalla um nágildandi fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits sem lagt er til með frumvarpinu að gera breytingar á.

Um 21. gr.

Í stað þess að ákvæði 2. mgr. 50. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir fjalli um upplýsingar og tilkynningar heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga til fjölmiðla er lagt til að það verði upplýsingar og tilkynningar Umhverfis- og orkustofnunar, í samræmi við efni frumvarpsins.

Um 22. gr.

Í greininni er lagt til breytt heiti á XII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir enda verður sá kafli nú um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar. Nú er kveðið á um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar í 51. gr. laganna, sem er í XIII. kafla, en lagt er til að ákvæði úr honum verði færð í XII. kafla laganna.

Um 23. gr.

Lagðar eru til breytingar á 51. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir í samræmi við efni frumvarpsins. Með breytingunum verður landinu ekki lengur skipt upp í eftirlitssvæði.

Um 24. gr.

Lagt er til að 52. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir falli brott enda lagt til með frumvarpinu að heilbrigðiseftirlit verði allt á einum stað hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Um 25. gr.

Lagt er til að 53. gr. laganna ásamt fyrirsögn flytjist í XII. kafla laganna.

Um 26. gr.

Lagt er til að fyrirsögn XIII. kafla falli brott. Þær greinar laganna sem nú eru í XIII. kafla munu því falla undir XII. kafla laganna.

Um 27. gr.

Lagt er til að 2. másl. 2. mgr. 55. gr. laganna falli brott, en þar er fjallað um upplýsingaskyldu heilbrigðisnefnda við Umhverfis- og orkustofnun. Verður ákvæðið óþarft þegar allt eftirlit hefur verið flutt til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 28. gr.

Í greininni er lagt til að 1. másl. 56. gr. laganna falli brott, en ákvæðið er talið óþarft vegna þeirrar breytingar sem lögð er til í b-lið 5. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til að orða 2. másl.

greinarinnar til samræmis við þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu um flutning eftirlits til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 29. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 58. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiða breytingarnar af því að verkefni samkvæmt lögnum eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar. Þá er lagt til að auk þess að heimilt verði að fela tiltekna þætti eftirlits faggiltum skoðunaraðilum verði hægt að fela Matvælastofnun tiltekna þætti eftirlits, til þess að einfalda eftirlitsferðir svo sem kostur er.

Um 30. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem sveitarstjórnir taka við því hlutverki heilbrigðisnefnda að semja drög að samþykktum og í stað staðfestingar ráðherra kemur skilyrði um jákvæða umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. Nýja málsgreinin sem lögð er til tryggir að sveitarstjórnir fái heimild til að beita þvingunarræðum vegna brota á eigin samþykktum sem ekki eru á forræði Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 31. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 60. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiðir breytingin af því að verkefni samkvæmt lögnum eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 32. gr.

Lagðar eru til breytingar á 61. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sem rekja má til þess að verkefni samkvæmt lögnum eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 62. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, en í ákvæðinu er fjallað um heimildir eftirlitsaðila. Lagt er til að í 1. mgr. verði kveðið á um heimild fulltrúa Umhverfis- og orkustofnunar til aðgangs til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lögin, reglugerðir og samþykktir ná yfir, með aðstoð lögreglu ef slíkt er nauðsynlegt. Lagt er til að felld verði brott sambærileg heimild heilbrigðisnefnda og heilbrigðisfulltrúa.

Þá er lagt til að 4. mgr. 62. gr. verði felld brott, en þar er fjallað um heimildir heilbrigðisnefnda sveitarfélaga til að beita úrræðum þegar um er að ræða færanlega starfsemi sem stunduð er á svæði nefndarinnar og er með starfsleyfi gefið út á öðru heilbrigðiseftirlitssvæði. Ekki er talin þörf á að kveða á um slíka heimild Umhverfis- og orkustofnunar enda nær valdsvið stofnunarinnar til landsins alls.

Um 34. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 63. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leiða breytingarnar af því að verkefni samkvæmt lögnum eru færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 35. gr.

Lagt er til að 66. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir falli brott. Í greininni er kveðið á um heimild til að vísa ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um framkvæmd laganna til fullnaðarúrskurðar ráðherra. Er ákvæðið óþarft í ljósi þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Um 36. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að öll starfsleyfisútgáfa fari fram hjá Umhverfis- og orkustofnun. Í samræmi við þá breytingu er lagt til breytt fyrirsögn á viðauka I.

Um 37. gr.

Lögð er til breyting á viðauka II í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lögð er til breyting á heiti viðaukans og er lagt til að tilteknir flokkar starfsemi verði sameinaðir undir almennu heiti.

Eftirfarandi starfsemisflokkar voru sameinaðir í einn starfsemisflokk: Meðferð og vinnsla hráefna úr dýra- og eða jurtaríkinu vegna matvæla- eða fódurvinnslu, önnur en í viðauka I; fiskimjölsværksmiðjur, framleiðsla á olíu og feiti, framleiðsla fódurs, heitloftspurrkun fisk-afurða, önnur en í viðauka I, kaffivinnsla, kartöfluvinnsla, önnur en í viðauka I, kjötvinnsla, önnur en í viðauka I, lauksteikingarverksmiðja, meðhöndlun, blöndun og mölun á korni, önnur en í viðauka I, mjólkurbú og ostaðgerð, önnur en í viðauka I, mjól- og lýsisvinnsla, önnur en í viðauka I, og vinnsla fisks og annarra sjávarafurða, önnur en í viðauka I.

Endurvinnsla úrgangs, önnur en í viðauka I, er sameinuð meðhöndlun úrgangs, önnur en í viðauka I.

Framleiðsla títanoxíðs verður undir flokknum framleiðsla lífrænna og ólífrænna efna, önnur en í viðauka I.

Geymsla olíumalarefna og lagning utan fastra starfsstöðva önnur en í viðauka II var felld inn í flokkinn olíumalar- og malbikunarstöðvar.

Lagt er til að fella leðurvinnslu, aðra en í viðauka I og II, brott.

Ullarþvottastöðvar voru sameinaðar í einn starfsemisflokk, formeðferð, svo sem þvottur, bleiking, mersivinnsla, litun eða úrvinnsla textíltrefja eða textílefna, önnur en í viðauka I.

Lagt er til að gerður verði nýr starfsemisflokkur, starfsemi þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Undir hann falla t.d. tannlæknastofur, sjúkrahjálfarar, sjúkrastofnanir, sjúkrahús, kírópraktorar, heilsugæslustöðvar, stofur þar sem gerðar eru aðgerðir, svo sem læknastofur og fótáðgerðastofur, og osteópatar.

Lagt er til að gerður verði nýr starfsemisflokkur, starfsemi þar sem fram fer húðrof. Undir hann falla t.d. húðflúrstofur og stofur þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr og nálastungustofur.

Lagt er til að gerður verði nýr starfsemisflokkur, starfsemi þar sem fram fer meðferð á líkama án húðrofs. Undir hann falla t.d. snyrtistofur, nuddstofur, hársnyrtistofur og sólbaðstofur. Einnig myndi hér undir falla naglaásætningarstofur, förðun, leirvafningar, trimform o.fl. starfsemi sem veitir persónulega þjónustu þar sem starfsfólk, tæki, búnaður eða áhöld geta komið eða eru í snertingu við notendur eða viðskiptavini og viðhafa skal sérstakt hreinlæti og smitgát.

Lagt er til að flugstöðvar á flugvöllum þar sem er áætlunarflug falli undir samgöngu- miðstöðvar.

Lagt er til að dýragarðar verði felldir undir skemmti- og þemagarða.

Lagt er til að fjallaskálar, nema sæluhús, verði felldir undir gististað að undanskilinni heimagistingu.

Lagt er til að veitingastaðir verði felldir undir samkomuhús.

Lagt er til að starfsemisflokkurinn hestahald falli brott.

Um 38. gr.

Lagt er til að viðauki IV falli brott, enda hefur sú starfsemi sem tilgreind er í viðaukanum verið færð í viðauka II.

Um 39. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 6. gr. a áfengisлага, nr. 75/1998. Lagt er til að í stað þess að leggja mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum sölu áfengis á framleiðslustað til grundvallar verði leitað eftir mati Umhverfis- og orkustofnunar á grenndaráhrifum.

Um 40. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að ÁTVR veiti leyfi til smásölu tóbaks í stað heilbrigðisnefnda.

Um 41. gr.

Lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun fái það hlutverk að hafa eftirlit með smásölu tóbaks. Tilvísun til leyfisveitinga er felld brott úr ákvæðinu þar sem það verkefni færir til ÁTVR.

Um 42. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 8. gr. laga um tóbaksvarnir sem fjallar um sölu og afhendingu tóbaks.

Lagt er til að fellt verði brott ákvæði sem heimilaði heilbrigðisnefndum að veita tíma-bundna undanþágu frá 18 ára aldurstakmarki starfsfólks við sölu tóbaks, þar sem heilbrigðisnefndir verða lagðar niður með frumvarpinu.

Lagðar eru til breytingar sem leiða af því að ÁTVR mun veita leyfi til smásölu og reksturs sérsverslana með tóbak.

ÁTVR er veitt heimild til að innheimta gjald fyrir útgáfu leyfa sem skal standa straum af kostnaði við umsýslu leyfisveitinga. Umhverfis- og orkustofnun er heimilað að innheimta gjald fyrir eftirlit með starfsemi leyfishafa, í samræmi við gjaldskrárheimildir stofnunarinnar vegna heilbrigðiseftirlits.

Felldur er brott málsliður sem skyldaði útgefendur leyfa til að tilkynna ÁTVR um útgefin leyfi. Þar sem ÁTVR verður sjálft útgefandi leyfanna er þessi tilkynningarskylda óþörf.

Um 43. gr.

Lagt er til að verkefni samkvæmt þessu ákvæði verði flutt til Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við breytingar sem gerðar eru samkvæmt frumvarpinu.

Um 44. gr.

Breytingar sem lagðar eru til á 17. gr. laga um tóbaksvarnir eru nauðsynlegar vegna flutnings eftirlits til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 45. gr.

Lagt er til að Umhverfis- og orkustofnun taki við verkefnum varðandi eftirlit með smásölu- stöðum tóbaks sem heilbrigðisnefndum voru áður falin.

Um 46. gr.

Lagt er til að reglugerðarheimildir í lögum um tóbaksvarnir verði lagaðar að breyttu fyrirkomulagi.

Um 47. gr.

Lögð er til breyting á 4. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Er lagt til að í stað þess að heilbrigðisnefndir og Umhverfis- og orkustofnun hafi eftirlit með framkvæmd laganna verði eftirlitið einungis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 48. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 14. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, en þar er fjallað um útgáfu starfsleyfis. eru breytingarnar í samræmi við tillögur um að færa útgáfu starfsleyfis alfarið til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 49. gr.

Lögð er til breyting á 16. gr. laga um meðhöndlun úrgangs til samræmis við tillögur um að færa útgáfu starfsleyfis alfarið til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 50. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 19. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem fjallað er um skýrslugjöf. Annars vegar er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að rekstraraðilar þurfi að senda afrit af árlegri skýrslu um meðhöndlaðan úrgang til heilbrigðisnefnda á starfssvæði rekstraraðila. Hins vegar er lögð til breyting á 2. mgr. í samræmi við tillögur um að færa útgáfu starfsleyfis frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 51. gr.

Lagt er til að felld verði niður skylda sveitarstjórna um að hafa samvinnu við heilbrigðisnefndir við gerð upplýsingaefnis um úrgangsforvarnir og meðferð úrgangs í sveitarfélaginu sem kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. laga um meðhöndlun úrgangs og að sveitarfélögum verði þess í stað gert að hafa samvinnu við Umhverfis- og orkustofnun.

Um 52. gr.

Í greininni er lögð til breyting á lögum um meðhöndlun úrgangs til samræmis við meginefni frumvarpsins um að færa útgáfu starfsleyfa alfarið til stofnana ríkisins.

Um 53. gr.

Lagt er til að tilvísun til annarra eftirlitsaðila en Umhverfis- og orkustofnunar í 60. gr. laga um meðhöndlun úrgangs verði felld brott í samræmi við tillögur um að Umhverfis- og orkustofnun verði eini eftirlitsaðilinn samkvæmt lögnum.

Um 54. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 61. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sem leiða af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu um að eftirlit með framkvæmd laganna verði einungis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 55. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 64. gr. a laga um meðhöndlun úrgangs og kveðið á um að Umhverfis- og orkustofnun veiti starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa. Jafnframt er lagt til að fellt verði niður ákvæði um að heilbrigðisnefndir sveitarfélaga veiti starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla skipa undir 500 brúttótonnum.

Um 56. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 65. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, en í ákvæðinu er fjallað um eftirlit með framkvæmd laganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að felld verði niður heimild Umhverfis- og orkustofnunar til að fela heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða í ljósi þess að gert er ráð fyrir að nefndirnar verði aflagðar.

Í öðru lagi er lagt til að ákvæði 5. mgr. 65. gr. laganna falli brott, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að setja gjaldskrá og innheimta gjald fyrir eftirlitsskylda starfsemi. Verður ákvæðið óþarft ef eftirlit er alfarið fært til Umhverfis- og orkustofnunar.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í greininni má leiða af tillögum frumvarpsins um flutning verkefna frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 57. gr.

Í greininni er lagt til að gerðar verði breytingar á 66. gr. laga um meðhöndlun úrgangs þar sem fjallað er um þvingunarúrræði sem beita má til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum. Er lagt til að felld verði brott heimild heilbrigðisnefnda til að beita úrræðum samkvæmt ákvæðinu og að Umhverfis- og orkustofnun geti ein beitt þvingunarúrræðum.

Um 58. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 67. gr. laga um meðhöndlun úrgangs falli brott, en í ákvæðinu er kveðið á um að ágreiningi Umhverfis- og orkustofnunar og heilbrigðisnefnda um framkvæmd laganna skuli vísa til úrskurðar ráðherra. Er ákvæðið óþarft ef eftirlit verður alfarið í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 59. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004, en þar er fjallað um yfirstjórn og eftirlitsaðila samkvæmt lögnum. Lagt er til að tilvísanir til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga verði felldar brott úr greininni og að eftirlit með framkvæmd laganna verði alfarið í höndum Umhverfis- og orkustofnunar. Í samræmi við

framangreint er lagt til að felld verði brott heimild Umhverfis- og orkustofnunar til að fela heilbrigðisnefndum framkvæmd þvingunarúrræða samhliða eftirliti.

Um 60. gr.

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda sem leiða af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu um að eftirlit með framkvæmd laganna verði einungis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 61. gr.

Lagt er til að tilvísun til heilbrigðisnefnda í 7. mgr. 8. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda falli brott. Er breytingin í samræmi við tillögur sem settar eru fram í frumvarpinu um að eftirlit með framkvæmd laganna verði alfarið flutt til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 62. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 12. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda sem leiða af þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu um að eftirlit með framkvæmd laganna verði einungis í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 63. gr.

Lagðar eru til breytingar á 14. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda sem nauðsynlegar eru vegna flutnings eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar, en í ákvæðinu er fjallað um framkvæmd og stjórn á vettvangi.

Um 64. gr.

Í greininni er lagt til að 3. mgr. 21. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda falli brott, en þar er fjallað um gjaldtöku vegna aðgerða heilbrigðisnefnda á grundvelli laganna. Er ákvæðið óþarft þegar eftirlit verður alfarið hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Um 65. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 22. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda þar sem fjallað er um þvingunarúrræði sem beita má til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum. Er lagt til að felld verði brott heimild heilbrigðisnefnda til að beita úrræðum samkvæmt ákvæðinu og að Umhverfis- og orkustofnun geti ein beitt þvingunarúrræðum og breytingar sem leiða af því.

Um 66. gr.

Í greininni er lagt til að tilvísun til heilbrigðisnefnda verði felld brott úr 23. og 24. gr. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Er breytingin í samræmi við tillögur um flutning eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 67. gr.

Lagt er til að tilvísanir til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga verði felldar brott og að Umhverfis- og orkustofnun taki við þeim hlutverkum sem nú eru falin heilbrigðisnefndum samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007, ásamt Matvælastofnun.

Um 68. gr.

Í greininni er lagt til að í stað þess að vísa til heilbrigðisnefnda í 4. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, verði vísað til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 69. gr.

Lagt er til að tilvísanir til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda í 8. gr. laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, verði felld brott þannig að kveðið verði á um að sveitarfélög séu Umhverfis- og orkustofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun, vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra og að í vatnasvæðisnefndum skuli a.m.k. starfa fulltrúar frá sveitarfélögum á viðkomandi vatnasvæði og frá Umhverfis- og orkustofnun. Aðkoma sveitarfélaga að vatnsvernd og undirbúningi vatnaáætlunar er mikilvæg og hefur mikla tengingu við skipulagsmál.

Um 70. gr.

Í greininni er lagt til að í stað þess að kveðið verði á um í 2. mgr. 9. gr. laga um stjórn vatnamála að í ráðgjafarnefnd fagstofnana og eftirlitsaðila skuli vera fulltrúar frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga verði kveðið á um að í nefndinni skuli vera fulltrúi frá sveitarfélögum. Aðkoma sveitarfélaga að vatnsvernd og undirbúningi vatnaáætlunar er mikilvæg og hefur mikla tengingu við skipulagsmál.

Um 71. gr.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á 22. gr. laga um stjórn vatnamála um vöktunaráætlun sem miða að því að eftirlit með vöktun verði alfarið í höndum Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 72. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. og 10. gr. laga um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012, sem leiða af meginefni frumvarpsins um að færa útgáfu starfsleyfa og eftirlit alfarið til stofnana ríkisins.

Um 73. gr.

Felld er brott tilvísun til heilbrigðisnefndar í samræmi við meginefni frumvarpsins.

Um 74. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 13., 14. og 15. gr. laga um umhverfisábyrgð sem leiða af meginefni frumvarpsins um að færa útgáfu starfsleyfa og eftirlit alfarið til stofnana ríkisins.

Um 75. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 23. gr. laga um umhverfisábyrgð, en þar er kveðið á um stjórn og eftirlitsaðila. Er lagt til að eftir sem áður hafi Umhverfis- og orkustofnun umsjón og eftirlit með framkvæmd laganna, en að felld verði brott heimild stofnunarinnar til að fela heilbrigðisnefnd tiltekna þætti eftirlitsins með samningi.

Um 76. gr.

Lagt er til að fellt verði niður ákvæði 3. másl. 2. mgr. 25. gr. laga um umhverfisábyrgð, en þar er fjallað um heimildir heilbrigðisnefnda sem Umhverfis- og orkustofnun hefur falið tiltekna þætti eftirlits. Er ákvæðið óþarft þar sem gert er ráð fyrir að heimild Umhverfis- og orkustofnunar til útvistunar verði felld brott.

Um 77. gr.

Í samræmi við aðrar breytingar sem lagðar eru til á lögum um umhverfisábyrgð í frumvarpinu er lagt til að tilvísun til heilbrigðisnefnda í 30. gr., þar sem fjallað er um gjaldtöku, verði felld brott.

Um 78. gr.

Lögð er til breyting á 5. gr. efnalaga, nr. 61/2013, en þar er fjallað um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar samkvæmt lögnum. Er lagt til að felld verði brott skylda stofnunarinnar til að upplýsa heilbrigðisnefndir sveitarfélaga um þá þætti sem falla undir lögin. Er breytingin í samræmi við breytingu þá sem lögð er til í frumvarpinu á hlutverki heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Um 79. gr.

Lagt er til að 6. gr. efnalaga falli brott en í ákvæðinu er fjallað um hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga samkvæmt lögnum. Er ákvæðið óþarft eftir að eftirlit með framkvæmd laganna hefur alfarið verið fært til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 80. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 48. gr. efnalaga þar sem fjallað er um eftirlit með framkvæmd laganna. Eru breytingarnar í samræmi við tillögur um flutning eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 81. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 4. gr. laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, nr. 40/2015, en þar er fjallað um leyfi til að brenna sinu. Er lagt til að sýslumaður skuli hafa samráð og sinna tilkynningarskyldu við Umhverfis- og orkustofnun í stað hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda vegna leyfa fyrir sinubrennu.

Um 82. gr.

Lagt er til að vísun til heilbrigðisnefndar í 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum falli brott. Leiðir breytingin af flutningi verkefna frá heilbrigðisnefndum til Umhverfis- og orkustofnunar.

Um 83. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 22. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021. Er lagt til að kveðið verði á um heimild Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála til að miðla persónuupplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar í stað heilbrigðisnefnda sveitarfélaga vegna eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Um 84. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Líkt og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að það starfsfólk sem er í starfi við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og hefur sinnt þeim verkefnum sem flytjast til Umhverfis- og orkustofnunar njóti forgangs til þeirra starfa sem munu verða til með flutningi verkefna frá

heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar. Markmiðið er því ekki að fækka störfum heldur má m.a. gera ráð fyrir að til verði fjölbreytt störf. Áætlað er að um 35–45 stöðugildi verði til hjá Umhverfis- og orkustofnun við þær breytingar sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu. Þá er það ekki ætlunin með fyrirhuguðum breytingum að flytja störf til milli landshluta heldur má gera ráð fyrir að til verði störf á starfsstöðvum Umhverfis- og orkustofnunar vítt og breitt um landið.

Gert er ráð fyrir að fyrri störf verði lögð niður og viðkomandi hafi þá forgang til að ráða sig í nýtt starf hjá Umhverfis- og orkustofnun. Starfsmenn kunna því að þurfa að hlíta breytingum á starfi eða starfsstigi í samræmi við skipulag Umhverfis- og orkustofnunar og starfslýsingu. Í ljósi fyrrgreinds forgangsréttar starfsfólks er í ákvæðinu einnig kveðið á um að ekki sé skylt að auglýsa umrædd störf í samræmi við almenna reglu 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Gert er ráð fyrir að í undirbúningsfasa, sem mun hefjast við samþykkt frumvarpsins, verði mótað nýtt skipulag og samhliða skýrist hvernig ný störf eru samsett. Afurð stefnumótunar getur leitt til breytingar á störfum. Ekki er gert ráð fyrir að starf verði auglýst nema starfsfólk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga þiggi það ekki eða það samræmist ekki þeirri þekkingu eða færni sem er til staðar hjá starfsfólkinu.